

hefur bráðabirgðaskráningarmarki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. febrúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

5. janúar 1978.

Nr. 11.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 450 20. desember 1977.

Liður 2. „Notkun til heimilisþarfa“ orðist þannig:

2 Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald	kr. F1 + F3
Orkugjald	— 15.00 á kWst.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29 apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

18. janúar 1978.

Nr. 12.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

55. gr., sbr. reglugerð nr. 186 24. ágúst 1966, orðist svo:
Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

A. Prófgjöld:

1. Almennt bifreiðastjórapróf	kr. 4 000
2. Próf í akstri bifhjóla	— 3 000
3. Próf í akstri létttra bifhjóla	— 1 000
4. Próf í akstri dráttarvéla	— 2 000
5. Ökukennarapróf	— 15 000

B. Skírteinagjöld:

1. Ökuskírteini bifreiðastjóra	kr. 1 200
2. Skírteini til aksturs bifhjóls	— 1 200
3. Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	— 600
4. Leyfi til að stýra dráttarvél	— 600
5. Leyfisbréf til ökukennslu	— 2 500

Fyrir endurnýjun skírteina, svo og samrit, skal greiða gjald samkvæmt B-lið 1.—5.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. febrúar 1978. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 195 21. maí 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 13.

11. janúar 1978.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. Orkueining: kílóvattstund = kwst. Afleiðing: kílóvatt = kw.

Frá og með 1. febrúar 1978 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 12.60 kr.

I. KAFLI**RAFMAGNSSALA**

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Orku- og afltaxtar.

1.1. Um mestafmæli eða markafmæli:	g.	kr.
1.1.1. Orkuverð kwst. á	0.3	3.80
Orkuverð umfram stillingu markafsmælis kwst. á ..	3	37.80
1.1.2. Aflverð árskílóvatt á	1 600	20 160.00
1.1.3. Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. 1.4. ..	2 800	35 280.00

2. Orkutaxtar.

2.1. Um kwst.-mæli:		
2.1.1. Orkuverð kwst. á	1	12.60
2.1.2. Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4.	600	7 560.00
2.1.2. Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4.	600	7 560.00
2.1.2. Fast árgjald = mæligjald, 1-fasa m., skv. 1.4.	300	3 780.00
Lágmark fyrir 2l: 5000 g/ári.		
2.2. Um kwst.-mæli:		
2.2.1. Orkuverð, allt að 1200 kwst./ári, kwst. á	3	37.80
Orkuverð, umfram 1200 kwst./ári, kwst. á	2	25.20
2.2.2. Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4.	600	7 560.00
Fast árgjald = mæligjald, 1-fasa m., skv. 1.4.	300	3 780.00